

Ed.

715. Frumvarp til laga

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1950, um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 3. tölulið, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lög in í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var samþykkt að fella húsaleigulögin frá 1943 úr gildi í þremur áföngum, þannig:

1. Þau ákvæði laganna, sem snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, féllu úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 eiga að falla úr gildi:
 - a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
 - b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
3. Önnur ákvæði laganna eiga að falla úr gildi 14. maí 1952.

Þó er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölulið b. og 3. tölulið, um leiguhúsnæði til íbúðar, annað en einstök herbergi, sem leigð eru út frá íbúðum, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjarfélag.

Öllum var ljóst, að afnám húsaleigulaganna hlaut að hafa í för með sér stórfellda örðugleika fyrir þann mikla fjölda fólks, sem verður að búa í leiguhúsnæði, og að mjög torvelt eða gersamlega ókleift mundi reynast að vernda þetta fólk gegn óhóflegri leigu, þegar hundruðum eða jafnvel þúsundum fjölskyldna yrði sagt upp húsnæði á sama tíma.

Mun óttinn við þessar afleiðingar hafa valdið því, að stjórnarflokkunum þótti heppilegra að koma hluta af ábyrgðinni á hendur hlutaðeigandi bæjarstjórna, með því að leggja það á þeirra vald, hvort framlengja skyldi hin almennu ákvæði laganna um leiguíbúðir.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hefur verið borin fram tillaga þess efnis, að bæjarstjórnin notaði heimild laganna til að láta gilda áfram þau ákvæði þeirra, sem falla eiga úr gildi 14. maí 1951, um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í. Tillaga þessi var afgreidd með þeim einkennilega hætti, að þótt 7 atkvæði væru greidd henni, en ekkert á móti, náði hún ekki samþykki, þ. e. var felld með hjásetu meiri hlutans.

Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um hátt á þriðja hundruð uppsagnir á leiguhúsnæði fjölskyldna, sem búa í sama húsi og húseigandi, og mun tala þess fólks, sem þessar uppsagnir taka til, nema talsvert á 2. þúsund.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að niður falli b-liður 2. töluliðs 7. gr. laganna, þannig, að ákvæðið um leiguíbúðir, sem eru í sama húsi og húseigandi býr í sjálfur, framlengist um eitt ár, þ. e. til sama tíma og önnur ákvæði laganna um leiguíbúðir almennt eiga að vera í gildi. Gefst þá nokkurt tóm til að búa sig undir að mæta þeim erfiðleikum, sem afnám laganna hlýtur að hafa í för með sér.

Bréf stjórnar Leigjendafélags Reykjavíkur, dags. 20. þ. m., fylgir hér á eftir.

Fylgiskjal.

LEIGJENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 20. febrúar 1951.

Af því sem fram hefur farið á tveim bæjarstjórnarfundum, virðist svo sem bæjarstjórn Reykjavíkur ætli ekki að nota heimild þá, sem bæjarstjórnnum er veitt í 7. gr. laga nr. 56 frá 25. maí 1950, til þess að ákveða, að þau ákvæði húsaleigulaganna, sem greinir í 2. tölulið 7. gr. nefndra laga, skuli gilda áfram eftir 14. maí 1951.

Eins og vér höfum áður bent hinu háa Alþingi á, svo og einstökum þingmönnum, mun fjöldi fólks verða húsnæðislaus þann 14. maí n. k., ef ákvæði húsaleigulaganna um leiguíbúðir í húsum, sem eigandinn býr sjálfur í, falla úr gildi þann 14. maí n. k., og af því mun leiða hin mestu vandræði fyrir þetta fólk, og sjáum vér ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem vér höfum áður borið fram gagnvart hinu háa Alþingi viðvikjandi þessu. En vér viljum taka fram, að oss er kunnugt um, að mörgum leigjendum hefur verið sagt upp húsnæði þeirra frá 14. maí n. k. að telja. Margir hafa tilkynnt húsaleigunefnd uppsagnirnar, en þó mun það vera frekar lítill hluti þeirra, sem sagt hefur verið upp.

Þar eð hér er mjög mikið í húfi fyrir fjölda fólks, leyfum vér oss hér með virðingarfyllst að skora á hið háa Alþingi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að firra vandræðum í þessu efni. En það teljum vér, að hið háa Alþingi geti enn gert, þó skammt muni eftir þingtímans, með því að framlengja framangreind lagaákvæði með nýjum lögum, eða ef ekki yrði talinn tími til þess, áður en þingslit fara fram, þá með því að fela ríkisstjórninni með þingsályktun að framlengja umrædd lagaákvæði með bráðabirgðalögum. Enda væntum vér þess, að fyrir næsta Alþingi verði af ríkisstjórnarinnar hálfu lagt frumvarp til nýrra húsaleigulaga, sem verði þannig úr garði gert, að allir megi sem bezt við una.

Virðingarfyllst,

í stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur.

Til Alþingis.